2; Síðan gjeingu þeir á skip og drógu upp segl sín, og sigldu með mikilli gleði og þá sá þeir eitt bjitjið land, og sigldu þá enn eitt dægur og náðu landi; kom þá skjótlega þessi tíðindi til Epplesborgar, er konungssetri var aptast á; frjettu menn nú, að konungur var heimkominn og hafði unnið miklum sigur; fögnuðu þeir honum sæmilega, sem vert var; og er konungur var heimkominn, ljet hann kalla til sín alla sína menn, og skipti herfánginu þeirra í millum vel og rjettilega; en drottningu gaf hann hina herteknu konu. Varð drottning stórlega glöð við þessa gjöf og bað hana vera sína fylgjiskonu, lofaði drottning henni að gjöra að kvistu sinni, ef henni líkaði, gjörði drottning vel við hana, fjekk konu til að þjóna henni; Var þessi kona bæði fríð og kurteis, og því var drottning vel við hana, og sagði hún skyldi vera velkomin með sjer að vera; nam hún af henni valska túngu, en drottning kjendi henni aðra; gjörði þessi kona sjer hennar mann að vin; gjarnan þjónaði hún drottningu sem sinni frú. —

3; Einn dag var hún hjá drottningu í kastala, þá tók hún einn dúk og gjörði sig með leinilega; en drottning gat að sjá þetta og að hún andvarpaði og grjet sárlega; og af þessu þóttist drottning vita, að hún var óljett og spurði hana: hver tákna við hátíð þeim? en hún sagði henni rjettann dag; þá andvarpaði drottning mæðilega og sagði: þann sama dag tók eg og við hátíð, sagði drottning — og töldu þær þá til, nær þær ættu að hvíla, en það var pálmasunnudag. Nú kom að þeim dægri, og þá tóku þær að hvíla; fæddi drottning son, en en kvistur kona dóttur, og var báðum börnunum gefið nafn af þeim dægri, er þau voru fædd á; en pálmasunnudagur heitir blómstur í útlöndunum, því þá bera menn blómstur í höndunum, en blómin heitir flóra á valsku, og eru þau af því kölluð Blómar;